

Reykjavík 15. mars 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011-02014. Þskj. 788-486 mál.**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna ofangreindu frumvarpi og þeirri miklu og metnaðarfullu vinnu sem hefur verið lögð í það. Samtökin fagna sérstaklega að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að íslensk stjórnvöld stefni að því á næstu árum að ná markmiðum Sameinuðu þjóðanna ( SP) um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af VPT til þróunarsamvinnu. Jafnframt lýsa samtökin ánægju sinni með að samstarf við frjáls félagasamtök skuli eftt, bæði á sviði þróunarsamvinnu og vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar og að sérstakur fjárlagaliður verði um samstarf við félagasamtök á árinu 2012 hvað varðar menntamál, neyðar- og mannúðaraðstoð.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld vinni markvisst með alþjóðlegum frjáls félagasamtökum að því að ná markmiðum stjórnvalda um menntun og heilsu barna. Hjá alþjóðlegum félagasamtökum, eins og t.d. Barnaheillum –Save the Children, er að finna mikla þekkingu á málaflökkinum og sömuleiðis er nýting fjármagns góð, þar sem fjármagnið fer milliliðalaust í verkefni.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um stefnumörkun og eftirlit og þar segir m.a.:  
*Félagasamtök sæti úttektum og öðrum eftirlitsaðgerðum sem fylgt er í þróunarstarfi.*  
Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja slíkt eftirlit mikilvægt en telja jafnframt að hafa skuli sambærilegt eftirlit með þeim alþjóðastofnunum sem vinna að þróunaraðstoð.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri

Barnaheill - Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök og eiga samtökin aðild að alþjóðlegu samtökunum Save the Children International. Markmið samtakanna er að tryggja réttindi barna og er Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna leiðarljós samtakanna í öllu þeirra starfi. Helstu áherslur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í verkefnum erlendis eru á menntun og heilsu barna og neyðaraðstoð.

